



Áveitan

6. tbl. 19. árgangur. Júní 2026



17. JÚNÍ í Flóahreppi



Íbúar eru hvattir til að draga íslenska fánann að húni



Íbúar 90 ára og eldri fá heimsókn frá sveitarfélaginu

➤ HÁTÍÐARDAGSKRÁ Í EINBÚA ➤



FÓTBOLTAMÓT ÞJÓTTANDA HEFST KL. 14:00

Leikir og fjör á vegum Þjóttanda



FJALLKONAN OG ÁVARP



20 ÁRA AFMÆLI FLÓAHREPPS

fagnað með afmælisköku



UMHVERFISVERÐLAUN VEITT



LAUTARFERÐARSTEMMNING

Gestir hvattir til að taka með sér nesti og njóta dagsins saman.

➤ *mætum sem flest* ➤
og eigum góða stund saman.

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. halla@floahreppur.is
Oddný Ása Ingjaldsdóttir oddnyasa@gmail.com

845-9719
865-5692

Kærar þakkir til íbúa Flóahrepps



Kæru íbúar Flóahrepps, innilegar þakkir. Mig langar fyrir hönd Framfaralistans að þakka kærlega fyrir það traust sem okkur var sýnt þann 16. maí í sveitarstjórnarkosningunum. Framfaralistinn fékk 357 atkvæði (76,8%) sem er mesti stuðningur nokkurs framboðs í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi 2026 þar sem ekki var sjálfkjörið. Við höfum nú endurnýjað umboð okkar og munum við halda

ótrauð áfram eftir þeirri stefnu sem vörðuð hefur verið.

Þar ber helst að nefna íbúðabyggð við Þingborg, stækkun Flóaskóla og þó að vegaframkvæmdir séu ekki á okkar hendi þá er ýmis undirbúningur sveitarfélags megin sem þarf að klára og verður Öfundarholtsvegur fyrsti tengivegurinn í sveitarfélaginu sem fær bundið slitlag alla leið!

Þó að framboðslistinn telji einungis tíu nöfn er fjöldinn allur af fólki að baki Framfaralistans og langar mig, fyrir hönd okkar sem tókum sæti í sveitarstjórn þann 3. júní n.k. að þakka fyrir ykkar góðu vinnu við undirbúning framboðsins, setu í nefndum og að tryggja okkur þetta skýrt umboð til áframhaldandi verka. Nú hefjumst við öll handa að standa undir því trausti sem okkur hefur verið sýnt.

Fyrir hönd Framfaralistans
Walter Fannar Kristjánsson,
Varaoddviti og sveitarstjórnarmaður

Frá Umf Þjótanda

Ungmennafélagið Þjótandi stóð að venju fyrir skemmtilegri dagskrá á Fjöri í Flóa.

Keppt var í hinni sívinsælu kökuskreytingakeppni þar sem mikill fjöldi krakka tók þátt og göldruðu fram glæsilegar kræsingar.

Dómnefnd skipuðu þeir Almar Sigurðsson Árni Eiríksson og sr Gunnar Jóhannesson og voru þeir ekki öfundsverðir enda verkefnið erfitt. Úrslit urðu þessi:

1. Ísold Marselía Bergþórsdóttir og Marikó Árný Ketel
2. Brynhildur Katrín Franzdóttir, Emilía Agnes Jóhannsdóttir og Vilborg Lára Brynjarsdóttir
3. Birnir Þór Hlíðdal, Ernir Kristberg N. Jakobsson og Grímur Jarl Jónsson.

Einnig var keppt í hjólarallýi. Þar var keppni skemmtileg og spennandi. Úrslit urðu þessi:

1. Albert Hellsten Högnason
2,24 mín
2. Einar Hörður Haraldsson
3,23 mín
3. Sigurður Helgi Guðjónsson
3,30 mín.

Umf Þjótandi þakkar öllum þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum sem aðstoðuðu okkur kærlega fyrir hjálpina.

Hér eru svo nokkrar skemmtilegar myndir frá hátíðinni sem Sandra Dís Sigurðardóttir og Harpa Magnúsdóttir tóku.





Sumarferð Kvenfélags Villingaholtshrepps

Okkar árlega sumarferð verður farin föstudaginn 19. júní.

Lagt verður af stað í rúttunni hennar Petru kl 10:00 frá Þjórsárveri og er áætluð heimkoma er um það bil 12 klukkustundum síðar.

Hugmyndin er að heimsækja Keflavík og skoða allt sem þar er áhugavert að sjá eða eins og stendur í kvæðinu:

Gaman er að kom'í Keflavík,
kvöldin þar þau eru engu lík.

Í sveitinni þeir eiga engin slík....

Skráning í ferðina berist inn á Facebook síðu félagsins eigi síðar en 14. júní.

Skemmtinefndin




HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Flóahreppur

velliðan fyrir alla

Fréttir af Flóamannabók

Hugleiðingar höfundar. Eitt sinn var það hugmyndin að senda Áveitunni reglulega fréttir af framgangi Flóamannabókar, sem er saga mannlífs í Flóahreppi. Að henni hef ég unnið allt frá 2011 og er þó hvergi nærri búinn því Gaulverjabæjarhreppur er ennþá eftir. Minna hefur orðið úr þessum fréttasendingum en til stóð en hér kemur þó ein.

Þegar ég hætti að starfa sem húsasmiður og húsasmíðameistari fyrir 20 árum og gerðist sagnfræðingur var það vegna mikils áhuga á sögu mannlífsins. Ég gerði mér grein fyrir því að allt sem gerist verður saga og það sem gerðist í gær er þegar orðið sagnfræði. Mér er líkt farið og fleirum að sagnfræðia-huginn eykst með árunum og lítið leiddi ég hugann að þessu fyrir fimmtugsaldur.

Ritun Flóamannabókar hófst 1. janúar 2016 en þá byrjaði ég að skrifa um Hraungerðishreppinn. Þeim skrifum lauk með útgáfu I. og II. bindis Flóamannabókar um þá ágætu sveit síðla árs 2020. Þetta tók semsagt fimm ár og reyndar miklu lengri tíma en nokkur gerði ráð fyrir, höfundur þar meðtalinn. Ástæðan var fyrst og fremst svokölluð fullkomnunar áráttu sem undirritaður er haldinn. Ég hafði enga löngun til að skrifa bók sem yrði fyrst og fremst þurr og litlaus upptalning á nöfnum. Heldur vildi ég segja frá fólki, þeim áskorunum sem það hafði mætt í lífinu og því sem það hafði komið í verk á misjafnlega langri ævi. Svo væri upplagt, úr því farið var af stað, að segja frá helstu félögum, búnaðarfélagi, ungmennafélagi og kvenfélagi að ógleymdu hreppsfélagi, skólum og kirkjum ásamt örnefnasafni og eigendasögu allra jarða. Með þetta fór ég af stað og grunaði þá engan að þetta yrði svona mikil vinna. En ég valdi þetta og með það hef ég unnið. Já, til að forðast mis-skilning, þá er ég ekki að vinna þetta á vegum sveitarfélagsins, heldur á eigin vegum, vel studdur af góðu fólki úr þessum sveitum sem skipar Ritnefnd Flóamannabókar.

Frá ársbyrjun 2021 hef ég unnið að sögu Villingaholtshrepps hins forna og er skemmst frá því að segja að verkefnið hefur

vaxið meira í höndum mér en ég gerði ráð fyrir. Ber þar nokkuð til. Í fyrsta lagi hið risavaxna örnefnasafn sveitarinnar sem er vafalaust eitt hið ríkulegasta á Íslandi. Í öðru lagi hin mikla fjölgun nýbúa í sveitinni og nægir að nefna eitt dæmi: Forðum voru fjögur heimili innan vébanda Súluholtshverfis en nú eru þau sautján og fer ört fjölgandi. Svo þarf að skrifa um tvo hreppa, tvo skóla og tvö ungmennafélög. Allt tekur þetta sinn tíma. Þetta hefur aukið umfang bókarinnar nokkuð, svo að bindin um Villingaholtshrepp verða þrjú en ekki tvö eins og var með Hraungerðishreppinn.

Myndavinnan er sérstakur kafli. Myndir gefa líf og lit á síður bókarinnar og mikil vinna hefur verið lögð í myndasöfnun. Stefnt er að því að birta skýrar og góðar myndir af húsráðendum í sveitinni og þeirra börnum. Ekki tengdabörnum eða barnabörnum því þá yrði þetta tíu binda verk en ekki þriggja. Einhvers staðar verða mörkin að liggja. Enn vantar nokkuð á að allir núverandi íbúar hafi afhent góðar myndir af sér og sínum og eru þeir í vinsemd beðnir um að ganga í málið því nú fer að líða að umbrotsvinnu bókarinnar.

Enga spurningu hef ég fengið eins oft að undanfögnu eins og þessa: „**Hvenær kemur bókin út?**“ Ég vildi að ég gæti svarað þessu því ekkert vildi ég fremur en að útgáfudagurinn yrði sem fyrst. Ég vinn við bókina að heita má alla daga, 8-10 klukkutíma á dag. Alltaf vinnst nokkuð en alltaf er nokkuð eftir. Sem dæmi á ég eftir að skrifa um Ungmennafélagið Þjótanda og Flóahrepp og fáeina íbúa sveitarinnar.

Svo er myndavinnan. Ég hef reynt að safna myndum, gömlum og nýjum jafnóðum og sett hvern bæ í sína skrá. Þar eru þetta 50 til 300 myndir í belg og biðu um hvern bæ. Svo þarf að raða þeim upp eftir hverri fjölskyldu. Þær þurfa að fara í „skerpingu,“ ef svo má segja og svo þarf að semja myndatexta. Ef vel gengur, þá tekur hver bær eða félag tvo daga og þau eru um fimmtíu. Það þýðir 100 daga vinnu bara í myndirnar og ég er rétt nýbyrjaður á þeim. Svo þarf að gera heimildaskrá og nafnaskrá sem nauðsynlegar eru í svona bókum. Það tekur einhverjar vikur og reynslan hefur kennt manni að allur frá-

gangur er tímafrekari en mann grunar.

Þá er umbrotsvinnan eftir. Í hana hef ég fengið snillinginn Eyjólf Jónsson, þann hinn sama og vann Flóamannabók I og II. Eins og gefur að skilja er slegist um svo góða menn og ekki alveg ljóst hvenær hann getur tekið til starfa. Þá þarf að lesa prófarkir jafn-
óðum. Svo mun prentunin taka sinn tíma. Að þessu sögðu tel ég tvísýnt um að það takist að koma bókinni út á þessu ári en allt verður reynt til að það takist.

Það sem hefur haldið mér gangandi við þetta verk eru stór-
góðar undirtektir fjölda manna innan gamla Villingaholtshrepps sem telur þetta einstakt menningarverkefni og hefur veitt mér margháttaða fyrirgreiðslu sem ég vildi þakka fyrir. Einnig þakka ég fyrir styrki sem ég hef fengið frá Flóahreppi, Umf. Vöku og Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps, það hefur verið mjög hvetjandi. Þá vil ég ekki sist þakka fólki innan Umf. Þjótanda, sem hefur gefið út Áveituna, því hún hefur verið ein mín besta heimild um félög og stofnanir innan sveitarinnar.

Að lokum kemur hér kær kveðja til hins duglega og óeigingjarna fólks sem skipar Ritnefnd Flóamannabókar og hefur tekið að sér áskrifendasöfnun bókarinnar ásamt mörgu fleiru sem hefur létt mér verkið.

Jón M. Ívarsson
frá Vorsabæjarhóli





LEIKJANÁMSKEIÐ ÞJÓTANDA 2026

Í SUMAR BÝÐUR ÞJÓTANDI UPP Á TVÖ AÐSKILIN NÁMSKEIÐ

1. LEIKJANÁMSKEIÐ

📅 15. – 22. JÚNÍ

Fyrri námskeiðið verður 5 daga leikjanámskeið sem fer að mestu fram á skólalóðinni við Flóaskóla en einnig verður dagur í Skagás og hjóladagur þar sem hjólað verður frá Flóaskóla að Forsæti 3.

Á leikjanámskeiðinu verða fjölbreyttir leikir, æfingar og hópefli í margskonar formi.

📍 **STAÐSETNING:**
Flóaskóli og nágrenni

🕒 **TÍMI:**
kl. 9:00 – 12:00

👤 **FYRIR BÖRN FÆDD:**
2014 – 2019

Hjóladagur
frá Flóaskóla
að Forsæti 3!



VERÐ: 8.000 KR.

FYRIR BÖRN FÆDD 2014 – 2019



**DAGUR
Í SKAGÁS!**



2. BOLTANÁMSKEIÐ

📅 23. JÚNÍ – 29. JÚNÍ

Seinna námskeiðið verður 5 daga boltanámskeið sem fer að mestu fram inni í Þingborg.

Á boltanámskeiðinu skiptum við dögnum í boltapemur þar sem tekið verður fyrir körfubolta, handbolta, fótbolta, blak og fleiri boltaþróttir.

📍 **STAÐSETNING:**
Þingborg

👤 **FYRIR BÖRN FÆDD:**
2014 – 2018



KÖRFUBOLTI



HANDBOLTI



FÓTBOLTI



BLAK



OG FLEIRI
BOLTAÞRÓTTIR

VERÐ: 8.000 KR.

FYRIR BÖRN FÆDD 2014 – 2018



ÞJÁLFAVAR

Örvar Rafn Hlíðdal
Unnur Bjarkadóttir



SKRÁNING Á NÁMSKEIÐIN

unnur@floaskoli.is



ÞJÓTANDI

Við hlökum til að sjá ykkur!



Fréttir frá Flóaskóla

Nú er 22. starfsár Flóaskóla senn á enda. Föstudagurinn 5. júní er síðasti skóladagurinn. Þann dag er íþróttadagur þar sem nemendur í 7.-10. bekk taka þátt í ýmiskonar óhefðbundnum keppnisgreinum milli bekkja og safna stigum. Nemendur þess bekkjar sem safnar flestum stigum eru svo krýndir Íþróttadagsmeistarar. Skólaslit eru síðan mánudaginn 8. júní kl 10:00 og útskrift 10. bekkjar kl 17:00 sama dag.



Maímánuður hefur verið fekar kaldur en við höfum ekki látið það hafa áhrif á okkur. Mánuðurinn hefur einkennst af mikilli útikennslu og þar höfum við meðal annars nýtt okkur þekkingu sem við öðluðumst í Brighton í fyrravor, þar sem við lærðum m.a. að kveikja upp eld með neista og bómull, útbúa viðarkol og gera ýmiskonar handverk úti í náttúrunni. Matjurtirnar sem var vetrarsáð hafa dafnað vel, nemendur yngsta stigs hafa verið að umpotta þeim og nú bíða þær þess að vera settar í beð fyrir sumarið.

Eins og endranær hafa verið fjölmörg verkefni á dagskránni hjá okkur.



Skólahreystilið Flóaskóla keppti í undanúrslitum 6. maí og varð í þriðja sæti í riðlinum eftir afar spennandi keppni. Keppnissskap, samheldni og sannur íþróttaandi einkennir ungmennin okkar og við getum svo sannarlega verið stolt af þeim frábæra árangri sem næst ár hvert í keppninni.

Dagana 7. og 8. maí voru smiðjur í 5.-10. bekk haldnar með skólunum í uppsveitum Árnesþings. Í þetta sinn voru smiðjur miðstigs haldnar í Flóaskóla. Almenn ánægja var með smiðjurnar. Þetta samstarf auðgar skólastarfið okkar og er ánægjuleg viðbót við verkefni skólans.

Litla upplestrarhátíðin var haldin í 4. bekk. Nemendur stóðu sig með mikill þrýði við upplestur, söng og hljóðfæraleik.



Vorskólavika var 11.-15. maí þar sem nemendur í verðandi 1. bekk komu í Flóaskóla og kynntust flestum innviðum hans í leik

og starfi. Fimm nemendur eru væntanlegir í fyrsta bekk í haust. Langspilsvaka var haldin í Þjórsárveri 19. maí þar spiluðu nemendur í 5. og 6. bekk undir stjórn Eyjólfssonar. Einnig kom til okkar og tók þátt í hátíðinni góður gestur, Jófríður Ákadóttir tónlistarkona. Þetta var mjög vel heppnuð kvöldstund og gaman að sjá langspilsvökuna sem einn af föstum liðum í starfi skólans.



Hið árlega Royalkvöld var haldið fyrir 7.-10. bekk. Nemendur mættu þrúðbúnir til veislunnar, borðuðu veislumat, fóru í samkvæmisleiki og skemmtu sér saman.

Niðurstöður matsferilsprófa lágu fyrir í lok mánaðar og sýna niðurstöður að Flóaskóla má vel við una.

Nemendur yngsta stigs fóru í skemmtilega vorferð í liðinni viku í Árnes. Þar áttu þau skemmtilega söngstund með Yngsta stigskór Þjórsárskóla. Einnig var farið í sund í Neslaug, grillaðar voru pylsur og leiksvæðin í nágrenningu könnuð til hlítar.



Í komandi viku fara nemendur í 5.-9. bekkja í vorferðir og 10. bekkur fer í sína árlegu útskriftarferð að Bakkafliöt.

Sumarfrístund fyrir nemendur í 1. - 4. bekk opnar mánudaginn 17. ágúst. Skólasetning næsta skólaárs er þriðjudaginn 25. ágúst og verður betur auglýst síðar.

Farsæll vetur er að baki og við höldum glöð og sátt út í sumarið.
bestu kveðjur úr Flóaskóla
Þórunn Jónasdóttir



**LEIKJAKVÖLD
ÞJÓTANDA**

**Leikjakvöld verða í boði í sumar,
annars vegar fyrir krakka í 1.-6.bekk
(fædd 2014-2019) og hins vegar fyrir
7.bekk og eldri (2013 og eldri).
Æfingar hefjast 6.júlí.**

Yngri æfingar - Þriðjudögum kl: 19:30-20:30
Eldri æfingar - Miðvikudögum kl: 20-21/21:30

Þjálfarar eru Guðmunda, Hanna Dóra og Helgi

Úrslit móta

Vormót HSK 21.maí 2026 - Selfossvöllur

Kristján Reynisson

Langstökk

4,02m

10.sæti PB

Spjótkast 600gr

23,56m

6.sæti PB



Aldursflokkamót HSK í frjálsum íþróttum 15-16. júní 2026

Aldursflokkamót HSK verður haldið á Selfossvelli 15.-16. júní. Keppt verður í frjálsíþróttum í flokkum 11-14 ára. Keppni hefst kl. 18:00 báða daga. Keppendum er ekki heimilt að keppa uppfyrr sig í aldri nema í boðhlaupi.

Tímaseðil má sjá á mótaforritinu Roster Athletics en frjálsíþróttaráð áskilur sér rétt til að breyta tímaseðli þegar fjöldi þátttakenda er kominn í ljós.

Þáttökuréttur

Mótin eru aðeins fyrir keppendur félaga innan HSK. Gestaðáttaka er óheimil nema í aukagreinum.

Þáttökugjöld

Keppendur úr öðrum félögum en HSK sem hyggjast keppa í auka-
greinum greiða 2.000 kr. Keppendur innan HSK sem keppa í auka-
greinum greiða ekki þáttökugjöld.

Keppnisgreinar

Fyrri keppnisdagur

Stúlkur og piltar 14 ára: 600 m hlaup – 80 m grindahlaup - hástökk – kúluvarp.

Stúlkur og piltar 13 ára: 600 m hlaup - 80 m grindahlaup - hástökk – kúluvarp.

Stúlkur og piltar 12 ára: 600 m hlaup - 60 m grindahlaup - langstökk – spjót kast

Stúlkur og piltar 11 ára: 600 m hlaup - langstökk – spjót kast

Seinni keppnisdagur

Stúlkur og piltar 14 ára: 80m hlaup - 4x100 m blandað boðhlaup - langstökk - spjót kast.

Stúlkur og piltar 13 ára: 80m hlaup – langstökk - spjót kast.

Stúlkur og piltar 12 ára: 60m hlaup - hástökk – kúluvarp

Stúlkur og piltar 11 ára: 60 m hlaup - hástökk – kúluvarp

Á aldursflokkamóti eru fjórar tilraunir á mann í köstum og stökkum. Í blönduðu boðhlaupunum má kynjaskipting bæði vera 2/2 og 1/3. **Aukagreinar:** *Boðið verður upp á 100/110 m grindahlaup í flokkum 15-19 ára kk og kvk þann 15. júní.*

Tímaseðill

Mótshaldari áskilur sér fullan rétt til breytinga á tímaseðli á mótsstað ef aðstæður og keppendafjöldi gefur tilefni til. Nafnakall fer fram á keppnisstað 10 mínútur fyrir keppni viðkomandi greinar. Forföll ber að tilkynna í upphafi hvers keppnisdags.

Skráningarfrestur og skráningarfyrirkomulag

Skráningarfrestur er til 23:30 föstudaginn 12. júní. Þjálfarar skrá í gegnum mótaforritið Roster.

Hanna Dóra tekur á móti skráningum fyrir keppendur Umf Þjótanda. Senda þarf skráningu á netfangið: hannadorahoskulds@gmail.com

Verðlaun

Verðlaunapeningar verða veittir fyrir þrjú fyrstu sætin í hverri keppnisgrein. Einnig verður veitt viðurkenning fyrir sigur í stigakeppni félaga á aldursflokkamótinu og sigur kk og kvk samanlagt í hverjum aldursflokki.

Starfsmenn mótsins

Við ætlum að hafa sama hátt á mótinu og var á aldursflokkamóti innanhúss í vetur. Frjálsíþróttaráð mun útvega greinastjóra á mótið en foreldrar eiga svo að bjóða fram aðstoð fyrir upphaf hverrar greinar ef þeir geta starfað við hana. Þannig geta foreldrar fylgt sínu barni eftir en samt hjálpað til við framkvæmd mótsins. Þetta fyrirkomulag gekk vel í vetur og mun vonandi gera það aftur.

Upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðmunda Ólafsdóttir mótsstjóri í síma 846-9775 eða gudmunda89@gmail.com.

Gönguferðir 60 +

Í sumar tökum við pásu frá hefðbundnum kaffihittingum en förum þess í stað í vikulegar gönguferðir.

Við stefnum að því að byrja í annarri viku í júní og verða ferðirnar auglýstar á Facebook síðu hópsins og með tölvupósti.

Nefndin

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps

Framhaldsaðalfundur Kvenfélags Villingaholtshrepps verður haldinn í Þjórsárveri, 10. júní n.k. kl 20:00

Dagskrá:

Reikningar

Umræður og samþykkt reikninga.

Strax í kjölfarið verður svo vofundur félagsins haldinn. Þar verður dagskrá hefðbundin, umræður um starf félagsins í vor og hvað framundan er.

Stjórnin

Dagskrá mánaðarins:

Fundur sveitarstjórnar	3. júní
Skólaslit Flóaskóla og útskrift	8. júní
Framhaldsaðalfundur og vofundur Kvenf. Vill.	10. júní
Aldursflokkamót HSK í frjálsum íþróttum	15. - 16. júní
Leikjanámskeið Umf Þjótanda	15. - 22. júní
Hátíðardagskrá í Einbúna	17. júní
Sumarferð Kvenfélags Villingaholtshrepps	19. júní
Boltanámskeið Umf Þjótanda	23. - 29. júní
Leikjakvöld yngri	6. júlí
Leikjakvöld eldri	7. júlí